



## Fundargerð

1526. fundur bæjarráðs Reykjaneshæjar, haldinn að Grænásbraut 910  
14. ágúst 2025, kl. 08:15

Viðstaddir: Guðný Birna Guðmundsdóttir formaður, Bjarni Páll Tryggvason, Halldóra Fríða Þorvaldsdóttir, Margrét A. Sanders og Margrét Þórarinsdóttir.

Að auki sátu fundinn Valgerður Björk Pálsdóttir áheyrnarfulltrúi og Aðalheiður Ósk Gunnarsdóttir ritari.

\* \* \*

### 1. Fjárhagsáætlun 2026-2029 - tekjuáætlun (2025060320)

Minnisblað um áætlaðar skatttekjur ársins 2026 lagt fram.

Bæjarráð mun vinna nánar með tillögur og upplýsingar um skatttekjur í fjárhagsáætlunargerð sveitarfélagsins fyrir árið 2026.

### 2. Viðskiptaskilmálar Reykjaneshæjar (2025040024)

Drög að viðskiptaskilmálum Reykjaneshæjar lögð fram.

Bæjarráð samþykkir viðskiptaskilmála Reykjaneshæjar og felur fjármálastjóra Reykjaneshæjar að vinna áfram með málið í samræmi við umræður á fundinum.

### 3. Breiðbraut 645 (2024100195)

Erindi frá sviðsstjóra menntasviðs og skólastjóra Háaleitisskóla lagt fram. Lagt er til að sölu á húsnæði Háaleitisskóla að Breiðbraut 645, sem áður var nýtt fyrir frístundaheimili skólans, verði frestað og húsnæðið verði nýtt fyrir starfsemi Friðheima þar sem leigu á núverandi húsnæði hefur verið sagt upp.

Bæjarráð samþykkir að fresta sölu á Breiðbraut 645 að sinni og leigja húsnæðið til Vinnumálastofnunar fyrir starfsemi Friðheima.

### 4. Félag heyrnarlausra - ósk um styrk (2025080106)

Félag heyrnarlausra leitar stuðnings og samstarfs varðandi Norræna menningarhátíð heyrnarlausra sem haldin verður á Selfossi árið 2026. Annars vegar er leitað eftir nokkrum stuðningsaðilum með styrk að upphæð 1,5 milljónir króna og hins vegar smærri upphæðir í formi kaupa á lógóum.

Bæjarráð þakkar fyrir erindið en getur ekki orðið við beiðninni að þessu sinni.

**5. Brons 230 ehf. - umsókn um tækifærisleyfi (2025080056)**

Erindi Sýslumannsins á Suðurnesjum vegna umsóknar um tækifærisleyfi. Bæjarráð samþykkir erindið fyrir sitt leyti.

---

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 9:00.